

Sp.

345. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir Siglufjarðarkaupstað til byggingar sildarverksmiðju.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Samkomulag náðist ekki um afgreiðslu þessarar tillögu í fjárveitinganefnd. Hefur nefndin haldið nokkra fundi um málið og meðal annars átt viðræður við atvinnumálaráðherra og fjármálaráðherra um tillöguna. Fjárveitinganefnd hefur aflað upplýsinga hjá bæjarstjóra Siglufjarðarkaupstaðar um kostnað við endurbyggingu verksmiðjunnar, og hefur nefndin fengið sundurliðaða kostnaðaráætlun, sem sýnir, að ráð er fyrir því gert, að kostnaður við endurbygginguna verði 500000 króna. Samkvæmt því hefði Siglufjarðarkaupstaður ekki þurft að leita eftir ábyrgð ríkisins fyrir hærra láni en 1000000 króna, þar sem hann hefur samkvæmt þingsályktunartillögunni tryggt sér 4000000 króna lán út á 1. og 2. veðrétt í verksmiðjunni. En eftir því, sem fram kemur í símskeyti bæjarstjórans til fjárveitinganefndar, þá gera lánveitendurnir, sem heitið hafa að lána umræddar 4000000 kr., en það eru, eftir því sem upplýst hefur verið, Tryggingastofnun ríkisins og Útvegsbanki Íslands h/f, kröfu til þess, að Siglufjarðarkaupstaður hafi auk áætlaðs stofnkostnaðar handbærar 500000 kr. til viðbótar, og séu þær til tryggingar því, að lokið verði við bygginguna fyrir næstu sildarvertíð. Þannig virðist í því liggja, að farið er fram á fyrir hönd Siglufjarðarkaupstaðar ríkisábyrgð fyrir 500000 króna hærra láni en kostnaðaráætlunin sýnir, að þurfa muni til að ljúka byggingunni. Eftir þessum upplýsingum að dæma er það ekki rétt með farið, sem í tillögunni stendur, að hér sé um rekstrarlán að ræða.

Nú ber því engan veginn að neita, að svo gæti farið, að nokkra fjárhagsáhættu fyrir ríkissjóð gæti leitt af þessari ábyrgð. Það er ekki vitað, hvernig tekst, þegar yfirstandandi hildarleik slotar, að sjá þeim fyrirtækjum farborða, sem reist eru á hápunkti dýrtíðarinnar. Og því fremur mætti segja, að það gæti orkað tvímælis frá fjárhagslegu sjónarmiði ríkissjóðs að bæta nú við ábyrgðarfúlgju þá, sem á ríkissjóði hvílir vegna Siglufjarðarkaupstaðar, að kaupstaðurinn hefur samtímis með höndum stóra og mjög kostnaðarsama framkvæmd, þar sem Skeiðsfossvirkjunin er.

Hins vegar má á það líta, að stækkun sildarverksmiðjunnar, miðað við veiðifrákost sildarflotans undanfarin ár, er í sjálfu sér mesta þarfamál og það þótt meira væri að gert í því efni, meðan ekki tekst að finna ráð til þess að geyma sildina óskemmda, þótt dráttur verði á vinnslu hennar.

Nú er svo hátað um endurbyggingu verksmiðjunnar, að hún er alllangt á veg komin, en lúkning verksins veltur á því, að umrædd ríkisábyrgð verði veitt, þá virðist, eins og málum er komið, ekki rétt né hyggilegt frá almennu sjónarmiði séð að setja fót fyrir það, að lokið verði við verksmiðjubygginguna, og því beri að veita þessa ábyrgð.

En eins og þetta mál er vaxið og lýst er hér að framan, tel ég, sem að þessu nefndaráliti stend, sjálfsagt að breyta orðalagi tillögunnar og færa það til samræmis við nýjar upplýsingar í málinu og jafnframt slá varnagla við því, að hlut-taka ríkissjóðs í ábyrgð vegna þessara framkvæmda verði meiri en þörf er á.

Að öllu þessu athuguðu legg ég til, að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað 1000000 kr. lán til endurbyggingar á sildarverksmiðjunni Rauðku gegn 3. veðrétti í verksmiðjunni á eftir 1. og 2. veðrétti samtals að upphæð 4 millj. króna. Ef þær 5 milljónir króna samtals, er að framan getur, hrökkva ekki til að ljúka verkinu fyrir næstu sildarvertíð, er ríkisstjórninni falið að ábyrgjast viðbótarlán í þessu skyni, þó ekki yfir 500 þús. kr., gegn sama (3.) veðrétti, enda fari fjárhæð sú, sem ríkið ábyrgist, eigi fram úr 25% af stofnkostnaði.

Alþingi, 19. sept. 1944.

Pétur Ottesen,
form.